



Launavísitala hækkaði í mars – kaupmáttur enn mikill en á leið niður á við

Launavísitalan hækkaði um 0,2% milli febrúar og mars samkvæmt tölum Hagstofu Íslands. Síðustu 12 mánuði hefur launavísitalan hækkað um 7,1%, sem er eilítið lægri árstaktur en verið hefur síðustu þrjá mánuði.

Hækkun vísitölunnar milli mánaða í mars var nokkuð lægri en í mars fyrra, þegar hún hækkaði um 0,35%. Árshækkunartaktur launa hefur verið vel yfir 7% allt frá lokum árs 2020 sem er töluvert hærra en hefur verið frá miðju ári 2017. Töluverð hreyfing er því sífellt á launaþróun og áfangahækkunar vegna kjarasamninga hafa að undanfögnu einungis skýrt um helming hækkunar launa.

Kaupmáttur nokkuð mikill þrátt fyrir mikla verðbólgu – en á leið niður

Verðbólga í mars 2022 mældist 6,7% en árshækkun launavísitölunnar 7,1%. Kaupmáttur launa jókst því um 0,4% milli marsmánaða 2021 og 2022 þrátt fyrir óvenju mikla verðbólgu. Kaupmáttur í mars var engu að síður 1,6% lægri en hann var í janúar 2022, en þá var kaupmáttur sá hæsti í sögunni.


Opinberi markaðurinn hækkar meira

Síðustu tvær áfangahækkunar kjarasamninga komu til framkvæmda 1. janúar 2021 og 2022 og hækkaði launavísitalan um 3,7% milli mánaða í bæði skiptin. Nýjar tölur Hagstofunnar sýna að hækkunin á almenna markaðnum frá desember til janúar var 3,3% á meðan hún var 4,1% á þeim opinbera, 4,4% hjá ríkinu og 3,6% hjá sveitarfélögunum.

Sé litið á launabreytingar hjá stóru hópunum á vinnumarkaðnum milli janúarmánaða 2021 og 2022 sést að laun á almenna markaðnum hækkuðu áfram minna en á þeim opinbera. Launin hækkuðu um 6,9% á almenna markaðnum á þessum tíma og um 8% á þeim opinbera, þar af 8,2% hjá ríkinu og 7,7% hjá sveitarfélögunum.


Óvenju mikið bil myndaðist á milli launaþróunar á opinbera og almenna markaðnum í upphafi síðasta árs og virðist það ekki fara minnkandi. Í janúar 2021

12 mánaða hækkunartaktur launa




Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans

Launaþróun og kaupmáttur



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans

Launahækkun einstakra hópa
janúar 2021 - janúar 2022



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans



hækkuðu laun á almenna markaðnum þannig um 2,9% en um 5,6% á þeim opinbera. Miðað við útgangspunkt í upphafi ársins 2015 hefur hækkun launa því verið mun meiri á opinbera markaðnum en á þeim almenna og opinberi markaðurinn verið leiðandi í launabreytingum.

Mismunandi þróun launa innan atvinnugreina

Milli janúarmánaða 2021 og 2022 hækkuðu laun áberandi mest í veitinga- og gististarfsemi, eða um 11,2%, og næst mesta hækkunin var í byggingum og mannvirkjagerð, 7,5%. Launastig í veitinga- og gististarfsemi er tiltölulega lágt og því valda krónutöluhækkunar meiri prósentubreytingum. Fréttir hafa einnig borist af erfiðleikum við að manna störf í greininni þegar eftirspurn eykst tiltölulega skyndilega. Ekki er ólíklegt að eitthvert launaskrið hafi orðið vegna þess.

Á hinum enda atvinnugreina er fjármála- og váttryggingarstarfsemi með 4,8% hækkun. Á þessu tímabili hækkaði launavísitalan fyrir allan vinnumarkaðinn um 7,3% og vísitala neysluverðs um 5,7%. Allar þessar greinar nema fjármála- og váttryggingarstarfsemi hafa því búið við kaupmáttaraukningu á þessu tímabili. Á þessum tölum má glögg sjá áhrif krónutöluhækkana á launaþróun. Í greinum þar sem laun eru almennt lág hækka þau hlutfallslega mikið og minna í greinum þar sem laun eru hærri.

Undirbúningur kjaraviðræðna að hefjast

Kjarasamningar á almenna markaðnum renna út í lok október í ár. Undirbúningur fyrir næstu samningaviðræður er greinilega að hefjast og búast má við að þær viðræður verði erfiðar að mörgu leyti.


Á þessu stigi er ekki ljóst hvaða hópar munu ganga fyrstir til samninga. Venjan síðustu ár hefur verið að hópar innan ASÍ hefji leikinn, en engir slíkir hópar eru komnir fram enn.

Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsfólki Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptavina, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.

Launaþróun á tveimur mörkuðum



Launahækkun í atvinnugreinum Janúar 2021 - janúar 2022

